

Góðan dag.

Það gleður mig að bjóða þér á viðburðinn Sýndarþing um stöðu ungs fólks á landsbyggðum: Strandir og Evrópa.

Verkefnið er hluti af ungmennafulltrúa verkefni sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins (Congress of Local and Regional Authorities of Council of Europe) og unnið í samstarfi við Grunnskólann á Hólmavík og Grunnskóla Drangsness.

Nemendur á unglingastigi skólanna taka þátt í verkefninu sem er ætlað að efla þekkingu og skilning ungs fólks á lýðræði og samfélagsþátttöku. Þetta verður gert með því að setja upp svokallað sýndarþing sem byggir á formi sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins þar sem nemendur fá tækifæri til að ræða skýrsluna “The future of youth in rural areas: responsibilities of local and regional authorities” sem kynnt var á síðasta sveitarstjórnarþingi sem varðar stöðu ungmenna á landsbyggðinni í Evrópu.

Þér er boðið að mæta á þingið sem áhorfandi en í lok þingsins verður hægt að beina spurningum til þingmanna. Þingið verður 28. september kl 12:10-14:30 í Hnyðju á Hólmavík.

Hér er hægt að skoða skýrsluna sem unnið verður með í styttri útgáfu.

https://search.coe.int/congress/pages/result_details.aspx?objectid=0900001680a5b14d



Með bestu kveðju

Bára Örk Melsted

Ungmennafulltrúi Íslands til sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins